

DJÚPADALSVEGUR (6087)

Vestfjarðavegur á Hallsteinsnesi – Djúpidalur

Magnús Björnsson



Áætlanir og hönnunarkaup Akureyri
Ágúst 2008

Efnisyfirlit

1	YFIRLIT	2
1.1	ALMENNT.....	2
1.2	MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR.....	2
1.3	MATSSKYLDA.....	2
1.4	AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR	2
1.5	LANDEIGENDUR OG AÐRIR SAMRÁÐSAÐILAR.....	3
1.6	RANNSÓKNIR.....	3
1.7	STAÐA SKIPULAGS	3
1.8	NÁTTÚRUMINJASKRÁ OG ÖNNUR VERNDARSVÆÐI.....	3
1.9	LEYFISVEITENDUR	4
2	STAÐHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI	5
2.1	STAÐHÆTTIR.....	5
2.2	NÚVERANDI VEGUR.....	5
2.3	UMFERÐ	5
3	VALKOSTIR OG FRAMKVÆMDALÝSING	6
3.1	VALKOSTIR.....	6
3.2	FRAMKVÆMDALÝSING	6
3.2.1	<i>Vegur</i>	6
3.2.2	<i>Efnispörf</i>	6
3.3	FRÁGANGUR.....	7
3.4	FRAMKVÆMDATÍMI.....	7
3.5	VINNUBÚÐIR	8
3.6	REKSTUR.....	8
4	UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDAÞÆTTIR	9
4.1	ÞÆTTIR SEM LÍKLEGA VALDA UMHVERFISÁHRIFUM.....	9
4.1.1	<i>Vegagerð</i>	9
4.1.2	<i>Efnistaka</i>	9
4.2	UMHVERFISÞÆTTIR SEM GETA ORÐIÐ FYRIR ÁHRIFUM.....	9
5	ÁHRIF FRAMKVÆMDAR	10
5.1	MANNLÍF OG ÚTIVIST	10
5.2	LANDSLAG.....	10
5.3	JARÐMYNDANIR OG VATN	10
5.4	FORNMINJAR	10
5.5	GRÓÐURFAR OG FUGLAR.....	11
6	AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA	12
7	NIÐURSTAÐA	13
8	HEIMILDIR	14
9	TEIKNINGAR	14
10	MYNDIR	14

1 YFIRLIT

1.1 ALMENNT

Vegagerðin er með skýrslu þessari að kynna vegaf framkvæmd á Djúpadalsvegi (6087), frá væntanlegum Vestfjarðavegi á Hallsteinsnesi að núverandi Vestfjarðavegi undir Mýrlendisfjalli ásamt tengingum. Á sama tíma er gert ráð fyrir vinnu við um 800 m kafla af nýjum Vestfjarðavegi frá Hallsteinsnesi að fyrirhuguðu brúarstæði á Djúpafirði. Framkvæmdaleyfi hefur þegar verið veitt vegna lagningar Vestfjarðavegar. Lengd framkvæmdakafla er samtals um 5,7 km og er að mestu nýbygging. Ný veglína fylgir þó að talsverðu leyti núverandi slóðum og vegum. Nýr vegur verður af vegtegund D sem er 4,0 m breiður. Framkvæmdin er hluti af áfanga 2 á Vestfjarðavegi, sjá [3].

Í mati á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar (60) Bjarkarlundur – Eyri, var fjallað um tengingu frá Vestfjarðavegi að Djúpadal, inn Djúpafjörð að vestanverðu. Við nánari skoðun var talið betra að fara með veg inn Djúpafjörð austanverðan. Vegna þessara breytinga og eðlis og umfangs verksins var ákveðið í samráði við Skipulagsstofnun að kanna mats skyldu framkvæmdarinnar.

Framkvæmdasvæðið liggur um lönd jarðanna Hallsteinsness, Barms og Miðhúsa

Áætluð efnispörf í veginn er um 93 þús m³. Heildarmagn skeringa er um 230 þús m³. Efni úr skeringum, sem ekki nýtist við gerð Djúpadalsvegar verður notað við í gerð Vestfjarðavegar. Stefnt er að því að framkvæmdir við verkið hefjist haustið 2008 og að verklok verði í maí 2009. Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi fremur lítil umhverfisáhrif nema hvað varðar betri samgöngur og bætt umferðaröryggi.

1.2 MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR

Tilgangur framkvæmdarinnar er að bæta vegasamband og auka umferðaröryggi á sunnanverðum Vestfjörðum. Með veginum tengist bærinn Djúpidalur og frístundahús í Djúpafirði við nýjan Vestfjarðaveg. Hönnunarhraði vegarins verður meiri en 70 km/klst.

1.3 MATSSKYLDA

Framkvæmdin telst ekki matskyld skv. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 með síðari breytingum.

Í samráði við Skipulagsstofnun var ákveðið að kanna skyldi mats skyldu framkvæmdarinnar með tilliti til a. liðar 13. töluliðar viðauka 2 við lög um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdum verður hagað þannig að neikvæð áhrif þeirra verði sem minnst og haft samráð við ýmsa aðila.

1.4 AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR

Áhrifasvæði framkvæmdarinnar þar sem áhrifin eru tengd bættum og öruggari samgöngum er Djúpifjörður og Vestfirðir. Framkvæmdasvæðið sjálf, þ.e.a.s. það svæði sem fer beint undir vegagerð og efnistöku er í Reykhólahreppi.

Framkvæmdin afmarkast af uppbyggingu vegarins á svæðinu. Rekstur mannvirkisins og viðhald verður um fyrirsjáanlega framtíð eftir að framkvæmd lýkur.

Vegsvæði Djúpadalsvegar sem er héraðsvegur telst vera 30 m breitt og nær 15 m frá miðlínu vegar til hvorrar hliðar. Vegurinn verður ýmist á fyllingum eða skeringum. Stærsta skeringin verður á milli stöðva 1000 og 1700 en sú skering var náma 42 við mat á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar [3 og 4].

Almennt er gert ráð fyrir að nota eins lítið framkvæmdasvæði og unnt er og er það tilgreint í útboðsgögnum.

1.5 LANDEIGENDUR OG AÐRIR SAMRÁÐSADILAR

Samráð verður haft við eftirtalda aðila og þeim send kynningargögn:

- **Eigendur eftirtalinnna jarða**, um framkvæmdir og framkvæmdatíma á svæðinu:
 - **Hallsteinsnes**
 - **Barmur**
 - **Miðhús**
- **Skipulagsstofnun**, varðandi matsskyldu framkvæmdarinnar.
- **Umhverfisstofnun**, um efnistöku og frágang á svæðinu.
- **Reykholahreppur**, varðandi framkvæmdaleyfi.
- **Skógrækt ríkisins**, varðandi mögulegt rask á kjarr- og skóglendi

1.6 RANNSÓKNIR

Ýmsar rannsóknir fóru fram vegna vinnu við mat á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar, m.a. á gróðri, fuglalífi og fornminjum. Þær rannsóknir miðuðust þó við veglínuna um vestanverðan Djúpafjörð en minna við austanverðan fjörðinn. Þó voru gerðar athuganir vegna fyrirhugaðrar námu 42, sem er við austanverðan fjörðinn [3 og 4]. Sú náma er nú skilgreind sem skering milli stöðva 1140 og 1900. .

Þar sem ný veglína liggur að hluta til eftir fyrirhuguðum námuvegi að ofangreindri námu og um námusvæði sem var rannsakað vegna mats á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar [3], sem og að hluta til á eða við núverandi vegslóða suður Djúpafjörð frá núverandi Vestfjarðavegi, var ákveðið að fara ekki út í frekari rannsóknir. Þó voru gerðar athugunar á gróðri í botni fjarðarinnar en þar er kjarrlendi.

Starfsmenn Vegagerðarinnar hafa gengið veglínuna og þversniðsmælt hana.

1.7 STAÐA SKIPULAGS

Í gildi er svæðisskipulag Dalasýslu og Austur-Barðastrandasýslu 1992-2012, staðfest 4. janúar 1996 [3]. Framkvæmdin kallar á breytingu á svæðisskipulaginu en unnið er að breytingum. Unnið er að aðalskipulagi fyrir Reykholahrepp [5] þar sem gert er ráð fyrir veglínuna inn austanverðan fjörðinn.

1.8 NÁTTÚRUMINJASKRÁ OG ÖNNUR VERNDARSVÆÐI

Framkvæmdin er í nágrenni við svæði á Náttúruminjaskrá; *Norðurströnd Þorskafjarðar og fjörur í Djúpafirði*. Í Náttúruminjaskrá er svæðinu lýst á eftirfarandi hátt [2]:

Norðurströnd Þorskafjarðar og fjörur í Djúpafirði, (303), *Reykholahreppi, A-Barðastrandasýslu. (1) Fjörur, fitjar og sjávartjarnir frá Teigsskógum að Grónesi. Auk þess skóglendi á norðurströnd Þorskafjarðar milli Teigsskóga og Hallsteinsness. (2) Víðilendar og lífauðugar fjörur með miklu fuglalífi. Þéttur skógur og gott sýnishorn af landslagi við norðanverðan Breiðafjörð.*

Önnur friðuð svæði. Breiðafjörður, Snæfellsnessýsla, Dalasýsla, A- og V-Barðastrandasýsla. Eyjar og fjörur eru verndaðar með lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Stærð svæðisins sem lögin ná til er um 20.000 ha.

Sérstök vernd. Leirur og sjávarfitjar njóta sérstakrar verndar skv. lögum nr. 44/1999. Djúpadalsvegur mun þó hvergi snerta fjörur né leirur. Ernir njóta sérstakar verndar skv. lögum nr. 64/1994 með síðari tíma breytingum þ.e. 9. júní 2004 og birkiskógar skv. 39. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999.

1.9 LEYFISVEITENDUR

Í samræmi við 27. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 þarf Vegagerðin að sækja um framkvæmdaleyfi fyrir fyrirhugaðri framkvæmd til Reykhólahrepps.

Þar sem ekki er til staðfest aðalskipulag af Reykhólahrepp mun Vegagerðin mælast til að sveitarstjórn Reykhólahrepps veiti leyfi fyrir vegaframkvæmdunum skv. 3. tl. bráðabirgðaákvæða Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Skipulagsstofnun mun þó ekki veita leyfi skv. fyrrgreindu ákvæði eftir 1. nóvember 2008 en hægt verður að leita eftir undanþágu frá umhverfisráðherra vegna þessa [6].

Væntanlegur verktaki þarf að sækja um leyfi Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða (skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun).

Heimild Fornleifaverndar ríkisins er nauðsynleg þurfi að raska fornminjum sbr. 14. gr Þjóðminjalaga nr. 107/2001.

2 STADHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI

2.1 STADHÆTTIR

Vegarkafllinn er í Reykhólahreppi. Veglína liggur til norðurs frá fyrirhuguðum nýjum Vestfjarðavegi á Hallsteinsnesi. Fyrstu 1100 metrnir liggja um birkikjarr. Frá stöð 600 að stöð 1100 liggur vegurinn eftir núverandi vegslóða að skeringunni milli stöðva 1140 og 1900, sem var skilgreind sem náma 42 við mat á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar [3 og 4]. Fyrirhugað er að nota efnið úr skeringunni við gerð Vestfjarðavegar og Djúpadalsvegar.

Á milli stöðva 2000 og 2600 og aftur á milli stöðva 2900 og 3600 liggur vegurinn ofan við núverandi slóða, mest 80 metrum frá honum en annars nær. Frá stöð 3600 að stöð 5200 liggur vegurinn um óraskað land nema á 200 kafla um tún á Barmi. Svæðið frá stöð 1100 að stöð 3800 eru að mestu grónir melar. Á milli stöðva 3800 og 4000 fer vegur yfir túnin á Barmi en þaðan um frekar gróðurryrt land að Krossgili, við stöð 5400. Frá Krossgili að núverandi Vestfjarðavegi, stöð 5650, er landið allvel gróið. Nokkurt birkikjarr er milli stöðva 5440 og 5500.

2.2 NÚVERANDI VEGUR

Vestfjarðavegur liggur nú yfir Hjallaháls, um botn Djúpafjarðar og yfir Ódrjúgsháls. Vegurinn er mjór malarvegur, með 9% hámarks langhalla á Hjallahálsi en næstum tvöfaldan þann halla á Ódrjúgshálsi.

2.3 UMFERÐ

Gert er ráð fyrir mjög lítilli umferð á veginum, ársdagsumferð minni en 10.

3 VALKOSTIR OG FRAMKVÆMDALÝSING

3.1 VALKOSTIR

Veglína í vestanverðum Djúpafirði

Í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar [3] var lögð fram veglína inn Djúpafjörð að vestanverðu. Þar var lagt til að gerður yrði nýr malarvegur af Grónesi inn á núverandi veg við Hálsá undir Ódrjúgshálsi. Með þessu yrði tryggð örugg tenging við bæinn Djúpadal og frístundahús Starfsmannafélags Landhelgisgæslunnar. Settar voru fram fjórar mögulegar veglínur inn Djúpafjörð vestanverðan í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum.

Veglína í vestanverðum Djúpafirði liggur að mestu um óraskað land. Á þeirri leið er arnarvarp skammt frá mögulegum veglínunum. Gert var ráð fyrir efnistöku á 5 stöðum í tengslum við vegagerð að vestanverðu.

Veglína í austanverðum Djúpafirði

Við verkhönnun kom í ljós að hentugra væri að leggja veglínu í austanverðum Djúpafirði. Gert var ráð fyrir efnistökusvæði um 1 km frá nýjum Vestfjarðavegi við fjörðinn austanverðann og að gera þyrfti þangað námuveg. Fyrir er vegur frá Djúpadal út í Hallsteinsnes og er svæðið því þegar raskað að nokkru leyti. Veglína í austanverðum Djúpafirði liggur að miklu leyti eftir þeim vegslóða

3.2 FRAMKVÆMDALÝSING

3.2.1 Vegur

Framkvæmdakafliinn liggur inn austanverðan Djúpafjörð til norðurs frá nýjum Vestfjarðavegi á Hallsteinsnesi. Vegurinn liggur að miklu leyti um gróið land, ýmist um mólendi eða kjarrlendi en víða standa klappir upp úr landslaginu.

Vegurinn verður gerður samkvæmt vegtegund D, sem er 4,0 m breiður vegur. Mætingaútskot verða á 160 m bili. Hönnunarhraði er yfir 70 km/klst.

Veglína fylgir núverandi vegslóðum á leiðinni að miklu leyti en þó ekki alls staðar. Nokkrir skorningar eru á leiðinni og er Krossagil þeirra stærst en um það rennur Hálsá. Sett verður stálræsi, 2,4 m í þvermál, í Hálsá.

Á öðrum stöðum þessarar framkvæmdar verða minni ræsi staðsett þar sem við á, þar sem búast má við rennandi vatni, bæði þar sem er sírennsli og þar sem myndast geta vatnsfarvegir í leysingum á vorin og þegar úrkoma er mikil.

3.2.2 Efnispörf

Áætluð efnispörf í verkið er um 93 þús m³. Verktaki má hvergi taka efni til vegagerðar nema úr vegskeringum, skriðum við núverandi vegslóða innan Barms og úr núverandi Vestfjarðavegi undir Mýrlendisfjalli.

Frekari upplýsingar um efnispörf má sjá í töflu 1 hér fyrir neðan.

Tafla 1. Efnispörf

Verkþáttur	Magn í m ³
Klæðingar- og axlaefni	1.000
Efra burðarlagsefni	4.200
Neðra burðarlagsefni	25.400
Fyllingar og fláafleygar	61.800
Samtals	92.400

Áður en efnistaka úr vegskeringum hefst verður öllum lífrænum jarðvegi sem finnst á svæðinu ýtt í haug og geymt til að nota við frágang þegar efnistöku lýkur. Heildarmagn skeringa reiknast um 230 þús m³. Stór hluti efnistöku er í skeringu milli stöðva 1140 og 1900 eða 110 þús m³ og verður það magn ásamt öðru hugsanlegu umframefni úr skeringum nýtt í gerð Vestfjarðavegar. Skeringin á milli stöðva 1140 og 1900 var kölluð náma 42 í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar [3]. Búið er að hanna skeringuna og er efnistökusvæði mun minna en gert var ráð fyrir í námu 42 í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar [3]. Skeringing er í lítt gróinn sethjalla [3 og 4] í austanverðum Djúpafirði. Gert var ráð fyrir því að leggja veg að námunni í mati á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar. Með því að leggja Djúpadalsveg inn Djúpafjörð að austan verður ekki þörf á sérstökum námuvegi heldur mun Djúpadalsvegur tengjast beint við efnistökusvæðið.

3.3 FRÁGANGUR

Í útboðsgögnum verður greint frá hvernig haga skuli frágangi vegkanta, fyllinga og skeringa. Reynt verður að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi og að vegskeringar verði ekki hafðar ófrágengnar lengur en nauðsyn krefur.

Frágangi á vegskeringum og námum verður hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg. Þær verða sléttaðar vel og í samræmi við landslag og halla umhverfis. Aðlaga þarf brúnir vegskeringa að landinu í kring, svo þær verði ekki eins áberandi.

Við uppgræðslu verður farið eftir leiðbeiningum Vegagerðarinnar um gróðurhönnun á vegsvæðum í dreifbýli. Sáð verður í vegkanta og vegfláa á grónu landi. Áður en sáð er þarf að slétta landið vel í samræmi við landslag og halla. Sáð verður gróðurtegundum sem henta fyrir svæðið og skera sig ekki úr umhverfinu.

Samráð verður haft við Skógrækt ríkisins vegna kjarrlendis sem kann að skerðast. Allur frágangur verður í samráði við landeigendur. Vegtengingar verða aðlagaðar að nýjum vegi.

3.4 FRAMKVÆMDATÍMI

Framkvæmdin er á samgönguáætlun 2008. Áformað er að framkvæmdir hefjist haustið 2008 og þeim ljúki í maí 2009. Framkvæmdin er liður í uppbyggingu vegakerfisins í Gufudalssveit.

3.5 VINNUBÚÐIR

Ef verktaki setur upp vinnubúðir, þá verður það gert í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, landeigendur og eftirlitsmann Vegagerðarinnar. Í útboðsgögnum verður farið fram á að verktaki fari eftir öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir gilda.

3.6 REKSTUR

Eftir að framkvæmdum lýkur tekur við rekstur mannvirkisins. Framkvæmdir sem tengjast rekstri eru m.a. viðhald og snjómokstur. Þá tengjast öryggi samgangna, umferð og mengun af hennar völdum rekstri fyrirhugaðs vegar.

4 UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDAÞÆTTIR

4.1 ÞÆTTIR SEM LÍKLEGA VALDA UMHVERFISÁHRIFUM

Skilgreindir eru þeir umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda og hvaða framkvæmdaþættir það eru sem valda þeim. Eftirfarandi eru þeir þættir sem almennt eru líklegir til að valda umhverfisáhrifum við vegaf framkvæmdir:

4.1.1 Vegagerð

Umhverfisáhrif vegagerðar fara eftir staðsetningu og hönnun vega, stærð vegsvæðis og frágangi. Þegar endurbyggður er gamall vegur má búast við að áhrif framkvæmdarinnar séu minni en þegar um nýbyggingu er að ræða. Helstu áhrif framkvæmdarinnar felast í bættum samgöngum og auknu umferðaröryggi.

Vegaframkvæmd getur haft áhrif á gróin svæði, jarðmyndanir og mannvistarleifar. Framkvæmdir við ár geta haft áhrif á lífríki og veiði. Uppbygging og rekstur vegar getur haft áhrif á dýralíf. Vegaframkvæmdir hafa sjónræn áhrif og geta markað ný spor í landslagið.

Umferð vinnuvéla á framkvæmdartíma hefur líklega áhrif á hávaða, útblástursmengun, hættu á mengunarslysum og rykmengun.

Nýir vegir eru hannaðir og lagðir til að auka umferðaröryggi vegfarenda og bæta samgöngur. Bættar samgöngur kunna að hafa margvísleg áhrif, t.d. á byggð á svæðinu, ferðaþjónustu/útvist og opinbera þjónustu. Loks má gera ráð fyrir að fyrirhuguð veglagning hafi áhrif á hagræna þætti og fara þau eftir arðsemi framkvæmda. Þá hafa breyttar samgöngur áhrif á útblástur mengandi efna frá umferð.

4.1.2 Efnistaka

Umhverfisáhrif efnistöku eru háð staðsetningu, efnispörf framkvæmdarinnar og frágangi námunnar að efnistöku lokinni. Efnistökuastaðir og efnispörfin ráðast af staðsetningu vegarins.

Við lagningu vega þarf efni í klæðingu, burðarlög og fyllingar. Efnistaka getur haft áhrif á gróður, dýralíf, mannvistarleifar eða jarðmyndanir. Þá breytir efnistaka landslagi.

4.2 UMHVERFISÞÆTTIR SEM GETA ORÐIÐ FYRIR ÁHRIFUM

Vegagerðin lagði mat á hvort vegagerð frá Hallsteinsnesi inn í Djúpadal myndi hafa veruleg áhrif á umhverfið.

Þar sem stórum hluta fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis hefur áður verið raskað og einungis er verið að breyta legu vegarins á kafla, telur Vegagerðin að áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið verði óveruleg.

5 ÁHRIF FRAMKVÆMDAR

5.1 MANNLÍF OG ÚTIVIST

Búskapur er í Djúpadal. Í Djúpadal eru 3 frístundahús og er gert ráð fyrir að þeim geti fjölgað í allt að 10 í deiliskipulagi svæðisins. Sundlaug er í Djúpadal. Í landi Miðhúsa í Djúpafirði eru 3 frístundahúsaloðir.

Áhrif á mannlíf og útivist

Á framkvæmdatíma mun umferð um svæðið vart raskast. Vegfarendur um núverandi Vestfjarðaveg munu verða eitthvað varir við framkvæmdina án þess að hún valdi þeim neinum tófum.

Ryk og hávaði mun líklega hafa neikvæð áhrif á útivist næst veginum á framkvæmdatíma.

5.2 LANDSLAG

Vegurinn liggur að mestu um gróð land og verða skeringar og fyllingar vegna framkvæmdanna. Vegslóði liggur um svæðið og er það því þegar raskað að einhverju leyti. Nokkuð stór skering verður í vegstæðinu á milli stöðva 1140 og 1900 þar sem efnistaka mun fara fram.

Áhrif á landslag

Vegurinn mun liggja um svæði sem þegar er raskað að nokkur leyti. Vegurinn mun samt breyta ásýnd lands og þá sérstaklega þar sem náma í vegsvæði verður. Gengið verður þannig frá vegsvæði og efnistökusvæði að þau falli vel að landi. Reiknað er með að röskuð svæði verði fljót að gróa upp og því muni sýnileiki framkvæmdarinnar í landslaginu hverfa nokkuð fljótt.

5.3 JARÐMYNDANIR OG VATN

Klappir standa sumstaðar upp úr gróðrinum á svæðinu, sérstaklega á Hallsteinsnesi. Ekkert votlendi er á framkvæmdasvæðinu.

Áhrif á jarðmyndanir og vatn

Framkvæmdin mun hafa óveruleg áhrif á jarðmyndanir. Nýr vegur liggur hvergi um votlendi. Vegagerðin álitur að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á vatnsbúskap á svæðinu.

5.4 FORNMINJAR

Fornleifar voru kannaðar vegna mats á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar. Á myndum 4 og 5 um minjar á framkvæmdasvæðinu úr skýrslu um mat á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar eru sýndar nokkrar minjar á Hallsteinsnesi, Grónesi og í vestanverðum Djúpafirði en engar minjar inn austanverðan Djúpafjörð frá Hallsteinsnesi [3, bls. 27 og 99].

Áhrif á fornminjar

Gert er ráð fyrir að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á fornleifar á svæðinu. Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar í vegstæðinu á framkvæmdatíma sbr. 13. gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2000, mun Vegagerðin hafa samráð við Minjavörð Vestfjarða um aðgerðir. Í útboðsgögnum verður lögð áhersla á að raska ekki landi utan framkvæmdasvæðis

5.5 GRÓÐURFAR OG FUGLAR

Flatlendið neðan núverandi vegar í botni Djúpafjarðar stendur mjög lágt og er gróður samkvæmt því fitjar og graslendi. Fitjarnar eru nálægt 10 ha að stærð. Næst núverandi vegi hafa verið ræktuð tún.

Við athuganir á fuglum vegna mats á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar sáust nokkrir litlir hópar af tildrum sem lítið var af annarsstaðar. Í Djúpafirði voru rauðbrystingar dreifðir á fjöru. Á aðfallinu hvarf rauðbrystingurinn en stoppaði í stuttan tíma á Hallsteinsnesi. Algengustu tegundir fugla á svæðinu voru skógarprestir, þúfutittlingur, hrossagaukur og stelkar voru algengir á fjörusvæðinu.

Ungar vaðfugla virðast nota Djúpafjörð til fæðuöflunar síðsumar og vitað er að álfir, toppendur og rauðhöfðar hafi verið þar í felli [3].

Við athuganir vegna mats á umhverfisáhrifum kom í ljós að arnarvarp er innan áhrifasvæðis framkvæmdanna. Ernir hafa orpið í Grónesi frá ómunatíð og eru til heimildir um arnarvarp á þeim slóðum frá því um aldamótin 1900, þar af samfelldar frá 1964. Varpsvæðin eru tvö en aðeins eitt þar hefur orpið hverju sinni. Haförn er á valista og friðaður samkvæmt lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum nr. 64/1994. Af öðrum tegundum á valista sem fundust í Djúpafirði var straumönd sem sást með unga fyrir neðan brúna á Djúpadalsá. [3]

Áhrif á gróðurfar

Vegur liggur að hluta til um land þar sem gróðri hefur þegar verið raskað með vegagerð. Vegur mun þó skerða gróðurlendi á köflum, þar á meðal kjarrlendi á Hallsteinsnesi og inni í botni Djúpafjarðar. Annað gróðurlendi sem mun skerðast lítillega er graslendi og mólendi. Vegur mun ekki hafa áhrif á fitjar á neinn hátt. Á myndum 3 og 4 má sjá gróðurkort af Hallsteinsnesi [3, bls. 81] og af botni Djúpafjarðar [3, bls. 87]

Áhrif á fugla

Að mati Náttúrufræðistofnunar mun arnarvarp í vestanverðum Djúpafirði leggjast af til frambúðar verði vegur lagður þar [3]. Vegna fjarlægðar mun vegur í austanverðum Djúpafirði ekki hafa teljandi áhrif á umrætt arnarvarp. Áhrif framkvæmdarinnar munu því verða minni en á þeirri leið sem gert var ráð fyrir í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar. Vegur mun hafa einhver áhrif á aðra fugla, einkum skógarþröst vegna minniháttar skerðingar á kjarrlendi. Áhrif á fugla munu í heildina munu verða minniháttar.

6 AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA

- Vegagerðin mun stuðla að því að röskun á landi verði haldið í lágmarki og að hún takmarkist fyrst og fremst við vegarstæðið sjálft. Nýr vegur verður hannaður þannig að hann falli sem best að landslagi. Lögð verður áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan við vegsvæðið, námuvegi og námur. M.a. verður allur akstur tækja bannaður utan vegsvæðis á verktíma nema að námum.
- Gróður mun að einhverju leyti skerðast, þar á meðal mun kjarrlendi skerðast lítillega. Samráð verður haft við Skógrægt ríkisins um mótvægisáðgerðir vegna þessa.
- Varðandi vinnubúðir verður í útboðsgögnum farið fram á að verktaki fari eftir öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir gilda.
- Ef verktaki þarfnast geymslusvæðis fyrir vinnuvélar, utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, skal hann semja um það við landeigendur.
- Vegtengingar (að Hallsteinsnesi og Barmi) verða lagaðar að nýrri legu vegarins. Leitast verður við að raska búskap sem minnst. Landeigendum verður greitt fyrir land sem fer undir nýjan veg og efnistöku úr námum. Samráð verður haft við landeigendur varðandi það land sem raskast utan vegsvæðis og það bætt á viðeigandi hátt.
- Girt verður að nýju þar sem hrófla þarf við girðingum meðfram veginum.
- Ef fornleifar reynast vera á eða í nágrenni vegsvæðisins verður haft samráð við Fornleifavernd ríkisins. Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdasvæðinu á framkvæmdatíma, verður haft samráð við Minjavörð Vestfjarða varðandi aðgerðir.
- Svæðið verður jafnað, grætt upp og reynt að gera sárið í landinu sem minnst áberandi.

7 NIÐURSTAÐA

- Nýr vegur verður lagður inn Djúpafjörð að austanverðu í stað þess að leggja hann að vestanverðu eins og áður var áætlað.
- Vegur mun liggja um land sem þegar er raskað að hluta í stað þess að liggja um óraskað land við vestan verðan fjörðinn.
- Reiknað er með að áhrif framkvæmdarinnar á náttúrufar svæðisins verði óveruleg. Gróðurlendi mun þó skerðast að einhverju leyti, þar á meðal kjarrlendi.
- Nýr vegur inn austanverðan Djúpafjörð mun ekki hafa áhrif á arnarvarp sem er í vestanverðum firðinum.
- Í útboðsgögnum verður tekið fram að takmarka skuli framkvæmdasvæðið eins og hægt er.
- Svæðið verður jafnað, grætt upp og reynt að gera sárið í landinu sem minnst áberandi.
- Vegagerðin telur að nýr vegur inn austanverðan Djúpafjörð hafi mun minni áhrif en vegur inn vestanverðan fjörðinn eins og áður var áætlað að leggja.
- Vegagerðin telur að viðkomandi vegaframkvæmd og sú námuvinnsla sem henni fylgir muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Til að áhrif framkvæmdarinnar verði sem minnst verður ýmsum aðgerðum beitt á framkvæmdatíma og haft samráð við ýmsa aðila.

8 HEIMILDIR

1. Námur, efnistaka og frágangur, 2002: Hafrannsóknarstofnun, Landsvirkjun, Iðnaðarráðuneytið, Umhverfiráðuneytið, Vegagerðin, veiðimálastofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Náttúruvernd ríkisins, Veiðimálastjóraembættið, Siglingastofnun og Landgræðsla ríkisins. Reykjavík, 75 bls.
2. Náttúruminjaskrá, 2008: Heimasíða Umhverfisstofnunar, júlí 2008. www.ust.is
3. Vestfjarðavegur (60): Bjarkalundur – Eyri í Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM. Vegagerðin, Ísafirði í september 2005
4. Vestfjarðavegur (60): Bjarkalundur – Eyrará í Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu, JARÐMYNDANIR OG EFNISTÖKUSVÆÐIHafdís Eygló Jónsdóttir og Hersir GíslasonVegagerðin, Rannsóknadeild í september 2005
5. Reykhólahreppur 2008: Heimasíða Reykhólahrepps – Aðalskipulag. Júlí 2008. <http://www.reykholar.is/stjornsysla/adalskipulag>
6. Skipulagsstofnun 2008: Frétt á heimasíðu Skipulagsstofnunar frá 22. júlí 2008. <http://www.skipulag.is/focal/webguard.nsf/key2/sasn7gsel9.html>

9 TEIKNINGAR

- Teikning 1. Vegagerðin, (2007): Grunnmynd af framkvæmdasvæðinu í mkv. 1:20.000

10 MYNDIR

- Mynd 1: Yfirlit yfir framkvæmdasvæði og helstu örnefni. [3, Mynd 2.1, bls 12]
Mynd 2: Yfirlitsmynd um minjar á framkvæmdasvæðinu. [3, Mynd 2.8, bls 27]
Mynd 3: Minjar frá Þórisstöðum að Hallsteinsnesi á leið B. [3, Mynd 6.9, bls 99]
Mynd 4: Gróðurskipting á Hallsteinsnesi. [3, Mynd 6.3, bls 81]
Mynd 5: Gróðurskipting í Djúpafirði. [3, Mynd 6.7, bls 87]